



**Austurlandsvirkjun. Staða
berggrunnskortlagningar sunnan Möðrudals**

Elsa G. Vilmundardóttir

Greinargerð EGV-96-02

1996-10-28

Austurlandsvirkjun STAÐA BERGGRUNNSKORTLAGNINGAR SUNNAN MÖÐRUDALS

Parta úr fjórum sumrum (1992-1995) hef ég stundað berggrunnskortlagningu á Möðrudalsöræfum frá Langadal og suður undir Kverká, sjá nánar í töflu og meðfylgjandi kort.

Berggrunnskortlagning, útivinna

| Tímabil | Dagar | Svæði |
|----------------|-------|--------------------------------------|
| 92.07.03-07.09 | 5 | Arnardalur og nágrenni |
| 93.07.28-08.13 | 15 | Fjallgarðar frá Þjóðvegi 1 að Kverká |
| 94.07.12-07.17 | 4 | Fjallgarðar og svæði austan þeirra |
| 94.07.25-08.04 | 9 | Fjallgarðar og svæði austan þeirra |
| 95.07.18-07.27 | 8 | Fjallgarðar og svæði austan þeirra |
| Samtals | 41 | |

Ferðadagar að og frá heimili eru ekki meðtaldir, en þeir eru 10.

Ég hef unnið drög að berggrunnskorti í mkv. 1:100.000 í Landfræðilegu upplýsingakerfi (ArcInfo). Einnig eru til drög að jarðfræðiskýrslu. Bæði kortið og skýrslan eru byggð á upplýsingum frá 1992-1994. Auk þess eru felld inn að hluta kort Guttorms Sigbjarnarsonar af Krepputungum og Bessa Aðalsteinssonar austan Fjallgarða. Eftir er að mestu að vinna úr rannsóknunum frá 1995 og bæta þeim við.

Bergsýnum hefur verið safnað og eru til 84 efnagreiningar tengdar kortlagningunni. Þær auka mjög á öryggi jarðlagatenginga og auka skilning á jarðfræðilegri þróun svæða.

Unnt er að ganga frá áfangakorti, (sbr. meðf kort) og skýrslu um kortlagninguna á næstu mánuðum ef þess er óskað.

